

Ed.

1202. Nefndarálit

[528. mál]

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 79 29. maí 1972.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Allmikil umræða hefur farið fram á síðustu árum um umframframleiðslu í flestum greinum landbúnaðar. Umtalsverðum fjármunum er varið árlega af hálfu ríkisins í útflutningsbætur, niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum, auk þess sem styrkir eru veittir úr ríkissjóði til uppbyggingar í landbúnaði. Það frv., sem hér um ræðir, er einvörðungu um styrki til uppbyggingar og endurbóta í landbúnaði og markar því stefnu stjórnvalda í þessum atvinnuvegi. Með þessu frv. er aðeins að litlu leyti komið til móts við nýjar búgreinar með því að bæta við styrkjum vegna bygginga fyrir loðdýrarækt. Styrkir eru enn fremur hækkaðir sérstaklega til bygginga á votheyshlöðum og geymslum fyrir garðávexti. Að öðru leyti felast þær breytingar, sem lagðar eru til með þessu frv., í því að laga jarðræktarlögin að ríkjandi ástandi í landbúnaði.

Undirrituð telur að ekki sé lögð sú áhersla sem skyldi á stuðning við nýjar búgreinar ef ríkið er á annað borð að veita styrki til atvinnuvega og mun því ekki samþykkja þetta frv.

Alþingi, 10. júní 1985.

Kolbrún Jónsdóttir.